

Tillaga	A 1955/UVU
Flytjandi	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndartillaga um að efla og einfalda samgöngur á Norðurlöndum

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

- að stækka almenningssamgöngukerfið á Norðurlöndum og auka framboð á almenningssamgöngum allan sólarhringinn, til dæmis næturlestum;
- að byggja upp og tengja innviði almenningssamgangna á Norðurlöndum;
- að byggja upp sameiginlegt farmiðakerfi sem geri almenningi kleift að kaupa farmiða í miðasölukerfi búsetulandsins – og þurfa ekki að leita að farmiðum hjá mismunandi söluaðilum í löndunum;
- að koma á sameiginlegu regluverki sem auðveldar öllum Norðurlandabúum að greiða með ferðaappi búsetulandsins á ferðum sínum um Norðurlönd;
- að vinna að því að bæta innviði og gera þá sambærilegri, til dæmis með því að innleiða sameiginlega staðla;
- að innleiða norrænan interrail-miða og tengja þannig Norðurlöndin betur saman.

Bakgrunnur

Tillagan er byggð á ályktun Norðurlandaráðs ungliða, „Eflið samgönguleiðir á Norðurlöndum: samþættasta svæði í heimi“, sem kynnt var norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndinni 2023. Við gerð nefndartillögunnar óskaði nefndin eftir því að tillagan tæki til allra tegunda samgöngutækja í almenningssamgöngum.

Efla almenningssamgöngur

Eigi norrænu ríkisstjórnirnar að koma til móts við framtíðarsýn forsætisráðherranna um að Norðurlöndin væri sjálfbærasta og samþættasta svæði heims 2030 þurfa þær að vinna að því að stækka samgöngukerfi Norðurlandanna. Til þess að stuðla enn frekar að sjálfbærum og samþættum Norðurlöndum þarf að innleiða sameiginlegt farmiðakerfi á Norðurlöndum og auka framboð á samgöngum að næturlagi.



Sameiginlegt norrænt interrail-kerfi handa öllum

Interrail hefur á undanförunum árum gengið í gegnum endurnýjun lífdaga í Evrópu. Lestarferðir eru orðnar góð og vistvæn leið til að kynnst nágrannalöndum og svæðum.

Hagvaxtar- og þróunarnefndin vill taka aftur upp sambærilega interrail-miða á Norðurlöndum.

Miðarnir eiga einnig að gilda í ferjur, báta og áætlunarbíla á svæðum þar sem engin járnbrautakerfi eru.

Interrail-kortið mun stuðla að aukinni sjálfbærni og samþættingu á Norðurlöndum, sem mun með tímanum tryggja að íbúarnir hafi einnig nágrannalönd sín sem kost þegar þeir fara í frí, sem mun leiða til aukinnar samkenndar milli landanna.

Ef við gerum Norðurlönd aðgengileg öllum sem vilja sækja þau heim hefur það auk samþættingar og sjálfbærni einnig í för með sér ávinning fyrir efnahaginn vegna peninganoðkunar á svæðinu.

Kiruna, 25. júní 2024

Gunilla Carlsson (S)

Kim Aas (S)

Per-Arne Håkansson (S)

Ragnhild Male Hartviksen (A)

Lars Püß (M)

Liv Kari Eskeland (H)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Sandra Listerby (Lib)

Markku Siponen (C)

Ann-Christine Utterstedt (SD)

Orri Páll Jóhannsson (VG)